

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 460/2022, um strandveiðar fiskveiðiárið 2021/2022.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 7. og 8. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar skal Fiskistofa fella úr gildi leyfi til strandveiða, frá sama tíma og strandveiðar eru stöðvaðar með auglýsingu í Stjórnartíðindum sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. a. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 7. júlí 2022.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Guðmundur Jóhannesson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfudagur: 7. júlí 2022